

## **Barnalífeyrir vegna náms eða starfsþjálfunar og framlag vegna náms eða starfsþjálfunar**

Umsóknum um barnalífeyri vegna náms/starfsþjálfunar eða framlag vegna náms/starfsþjálfunar er skilað af Mínum síðum á tr.is.

Með umsókn þarf að fylgja skólavottorð sem sýnir í hve mikið nám umsækjandi er skráður.

Barnalífeyri vegna náms eða starfsþjálfunar þarf að sækja um á hverri önn og á skólavottorði þarf að koma fram námsárangur á síðustu önn ásamt staðfestingu á fjölda eininga á næstu önn. Mikilvægt er að tilgreint sé hvort um hefðbundnar einingar eða Fein-einingar sé að ræða.

Mánaðarleg upphæð greiðslna á árinu 2016 er 29.469 kr.

Afgreiðslutími umsókna er að hámarki 4 vikur eftir að umsókn og öllum fylgigögnum hefur verið skilað inn.

### ***Rétt til barnalífeyris vegna náms eða starfsþjálfunar geta þeir átt sem eru á aldrinum 18-20 ára og eru í námi / starfsþjálfun og búa á Íslandi:***

- Ef annað foreldri eða báðir eru lífeyrisþegar.
- Ef annað foreldri eða báðir eru látnir.
- Ef fyrir liggur úrskurður sýslumanns um efnaleysi meðlagsskylds foreldris.
- Ef barn er ófeðrað.

### ***Rétt til framlags vegna náms eiga þeir sem eru á aldrinum 18-20 ára og eru í námi / starfsþjálfun og búa á Íslandi:***

- Ef fyrir liggur úrskurður sýslumanns eða samningur staðfestur af honum um að foreldri skuli greiða framlag vegna menntunar.

Nánari upplýsingar á tr.is:

- [Barnalífeyrir vegna náms eða starfsþjálfunar](#)
- [Framlag vegna menntunar ungmenna](#)
- [Mínar síður](#)